

# REGLUGERÐ

## um (1) breytingu á reglugerð nr. 313/2007, um tilvísanir fyrir börn.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „í allt að tíu ár“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: þar til barn er orðið 18 ára.

b. Á eftir 4. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji sérfræðingur, sem fengið hefur barni vísað til sín frá heimilis- eða heilsugæslulækni, að það þurfi á annars konar sérfræðiþjónustu að halda en getið er í tilvísun getur hann vísað barni til annars sérfræðings.

Þurfi barn, sem leitað hefur á sjúkrahús, á sérhæftri heilbrigðiþjónustu að halda getur læknir á sjúkrahúsinu vísað barni til annars sérfræðings.

Hjúkrunarfræðingum sem starfa í ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu er heimilt að vísa barni til talmeinafræðings.

c. 8. mgr. hljóðar svo: Tilvísanir skulu skráðar í miðlæga sjúkraskrá.

### 2. gr.

2. mgr. 5. gr. fellur brott.

*Heilbrigðisráðuneytinu, x. maí 2024*

**Willum Þór Þórssón**

undirritun